

Ný matvælalöggjöf

og áhrif á fiskmjöls- og lýsisframleiðendur

Á tíunda áratug síðustu aldar komu upp tilfelli kúariðu og díoxínmengunar í matvælum í Evrópu. Orsök þessa var rakin til fódurs og því þótti ástæða til að breyta matvælalöggjöfinni þannig að hún næði yfir allt matvælaferlið, frá fódri og frumframleiðslu að matborði neytenda og tryggði þannig örugg matvæli.

Fiskmjöl og lýsi er fódur

Matvælalöggjöfin nýja um öryggi matvæla og fódurs tekur af öll tvímæli um að vörur unnar úr fiski eða fiskúrgangi eru fódur. Matvælalöggjöfin felur auk þess í sér útvíkkun á því hvað „fóðurfyrirtæki“ merkir. Hefðbundnar íslenskar fiskmjöls- og lýsisverksmiðjur eru nú skilgreindar sem fóðurfyrirtæki. Reglugerð um fódur nær því yfir öflun, flutning, geymslu, meðhöndlun og merkingu fyrirtækjanna á hráefnum og fullunnu mjöli og lýsi.

Skráning fyrirtækja

Stjórnendur fóðurfyrirtækja eiga að tilkynna Matvælastofnun um alla starfsemi fyrirtækis sem fellur undir skilgreiningu á fóðurfyrirtæki og fá hana skráða. Fóðurfyrirtækjum er aðeins heimilt að fá og nota fódur frá fyrirtækjum sem eru skráð og/eða samþykkt hjá Matvælastofnun. Listi yfir skráð og samþykkt fyrirtæki verður aðgengilegur á heimasíðu stofnunarinnar.

Litlar breytingar

Fiskmjöls- og lýsisfyrirtæki hafa um árabil verið undir virku eftirliti, fyrst Fiskistofu og síðan MAST. Þau hafa notað skriflegt gæðakerfi sem byggir á Haccp meginreglunum (þ.e. greining áhættu og mikilvægir stýristaðir) og þau hafa fylgst með gæðum framleiðslunnar með sýnatöku og efnagreiningu. Nýju löggin hafa því ekki miklar breytingar í för með sér fyrir fiskmjöls- og lýsisframleiðendur.

Ábyrgð

Samkvæmt nýrri reglugerð um fódur bera stjórnendur fóðurfyrirtækja óskoraða ábyrgð á að framleiðsla þeirra sé örugg. Það hefur í för með sér að fyrirtæki þurfa að sýna fram á að þau fylgist með hugsanlegri hættu sem fylgt getur framleiðsluvörum þeirra. Fiskmjöls- og lýsisframleiðendur þurfa því að sýna fram á að t.d. díoxín-, kvikasilfur- og arseninnihald fiskmjöls og lýsis sé innan þeirra marka sem reglugerðir heimila.

... þú berð ábyrgð



Rekjanleiki og merking fódurs

Í reglugerðum um fódur eru ákvæði um að hægt sé að rekja uppruna fódurefna og hvernig hrein fódurefni skuli merkt við sölu og/eða flutning. Þessi ákvæði hafa það í för með sér að fiskmjöls- og lýsisfyrirtæki þurfa að merkja allar vörur sem þeir senda frá sér í sekkjum eða pokum og setja samskonar upplýsingar á fylgiskjöl með förmum sem fluttir eru með skipum.

Á merkimiðum eða fylgiseðli með fiskmjöli og lýsi skal vera:

- Hugtakið „Hreint fódurefni“.
- Heiti fódurs, þ.e. „Fiskmjöl“ aðgreint eftir því úr hverju mjölið er unnið, t.d. beinamjöl, loðnumjöl, síldarmjöl o.s.fr.. Sama á við um lýsi, þ.e. „Lýsi“ aðgreint eftir því hvort það er lifrarlýsi eða búklýsi og hvort það er hreinsað og hert eða ekki.
- Með fiskmjöli skulu fylgja upplýsingar um hlutfall próteins og fitu, hlutfall ösku ef hún er meiri en 20% (beinamjöl) og vatnsinnihalds ef það er hærra en 8%.
- Með lýsi skulu fylgja upplýsingar um vatnsinnihald ef það er hærra en 1% og auk þess upplýsingar um joðtölu með hreinsuðu og hertu lýsi.
- Nafn, heimilisfang og samþykkis-/skráningarnúmer þess sem ber ábyrgð á upplýsingunum sem veittar eru á merkimiða/fylgiskjali.
- Rekjanleikanúmer eða lotunúmer framleiðslunnar.
- Nettóþyngd fiskmjölssendingarinnar og nettórúmmál lýsissendingar.
- Séu notuð aukefni í fiskmjöl skal tilgreina þau og magn í mg/kg. Það á t.d. við um efnið ethoxyquin, sem stundum er notað sem rotvarnarefni í fiskmjöl.

